

Mál nr. 172/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Miklubraut við Skeiðarvog í Reykjavík þ. 28.4.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.6.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 23. júní 2014.
3. Bréf V-2 dags. 14. júlí 2014.

Málsatvik.

Árekstur varð á milli A og B á Miklubraut við Skeiðarvog í Reykjavík. Báðum bifreiðunum var ekið til austurs og var A á miðakrein en B á hægri akrein aðeins aftar. Ökumaður A skipti um akrein frá miðakrein yfir á hægri akrein fyrir framan B, en þá var bifreið sem ók á miðakrein fyrir framan A snögghemlað þannig að A þurfti líka að snögghemla og ökumaður B náði ekki að hemla í tæka tíð og lenti á afturhorni A. Ökumenn bifreiðanna A og B bera með sama hætti um málsatvik.

Álit.

Ökumaður A skipti um akrein af miðakrein yfir á hægri akrein í veg fyrir B og snögghemlaði skömmu síðar með þeim afleiðingum að B ók aftan á A. Með því að skipta um akrein í veg fyrir B og snögghemla síðan tók A upp hemlunarvegalengd B sem leiddi til árekstursins. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 19.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.